

Ed.

755. Breytingartillögur

við frumv. til laga um verkfall opinberra starfsmanna (á þingskjali 672).

Flutningsm.: G. Björnson.

1.

Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr.:

Bannað er að hefja verkfall þeim mönnum öllum, er samkvæmt embættisskyldu eða sýslan vinna í þarfir landsins, Landsbankans, sveitar, sýslu eða kaupstaðar.

Ef ágreiningur verður milli opinberra starfsmanna og vinnuveitanda, út af kaupgjaldi eða vinnukjörum, þá skal skjóta þeim ágreiningi í gerðardóm; skal vinnuveitandi nefna 1 mann, starfsmennirnir annan, en landsyfirdómurinn þann þriðja.

Þessir þrír menn skulu gera um málið svo fljótt, sem verða má, og eru báðir aðiljar skyldir að hlíta þeim dómi.

2. Við 1. gr.

1. gr. verði 2. gr. og orðist þannig:

Hver sá opinber starfsmaður, sem tekur þátt í verkfalli, skal sæta sektum frá 100—1000 kr. eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við, samkvæmt öðrum lögum.

3. Við 2. gr.

Greinin falli burt.

4. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

5. Við 4. gr.

Greinin falli burt.

6.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Lög um bann gegn verkfalli opinberra starfsmanna.